

Skýrsla stjórnar 2016

Vatns- og fráveitufélag Íslands (VAFRÍ) var stofnað 17. apríl 2009. Stofnfélagar voru þá 41. Félagar eru nú 108 talsins.

Helstu markmið félagsins eru að stuðla að öruggum vatnsveitum, bættum vatnsgæðum og vistvænum fráveitum. Félagið vill auka þekkingu á vatns- og fráveitumálum með markvissum hætti og miðla reynslu til fagaðila og almennings.

Í stjórn VAFRÍ sátu áfram Hrund Ó. Andradóttir (formaður, dósent HÍ), Íris Þórarinsdóttir (gjaldkeri, tæknistjóri fráveitu Veitna), María J. Gunnarsdóttir (meðstjórnandi, sérfræðingur HÍ) og Gunnar Steinn Jónsson (meðstjórnandi, líffræðingur). Ný í stjórn kom Arndís Ósk Ólafsdóttir (ritari, fagstjóri vatnsveitu Veitna).

Á starfsárinu 2015-2016 var lögð áhersla á eftirfarandi atriði:

1. Vísindaferð til Þingvalla
2. Eftirfylgni málþings um verndun náttúruverla fyrir skólpmengun
3. Málþing um öryggi neysluvatns í minni vatnsveitum
4. Innlent samstarf
5. Norræn vatnsveitiráðstefna á Íslandi
6. Innheimta félagsgjalda

Vísindaferð til Þingvalla

Vatns- og fráveitufélag Íslands (VAFRÍ) stóð fyrir vísindaferð til Þingvalla 8. október 2015. Vatns- og fráveitur innan þjóðgarðarins og sumarbústaðasvæðisins á landi Kárastaða voru skoðaðar. Fræðst var um áframhaldandi uppbyggingu og áskoranir í tengslum við sívaxandi straum ferðamanna til svæðisins. ION hótelið við Nesjavelli, sem unnið hefur verðlaun fyrir vistvæna hönnun, var heimsótt og fræðst um fráveitumál þess. Að lokum var farið yfir aðgerðir Orkuveitu Reykjavíkur í vatnsvernd á svæðinu og fræðst um áskoranir í fráveitumálum við Mývatn. Um 30 manns sóttu ferðina og var almenn ánægja með hana. Hægt er að nálgast minnisblað um vísindaferðina og skriflegt efni um ION hótél á vefsíðu VAFRÍ.

Eftirfylgni málþings um fráveitulausnir til verndar viðkvæmrar náttúruperlna

Málþing VAFRÍ um fráveitulausnir til verndar viðkvæmra viðtaka var haldið í maí 2015 við góðar undirtektir. Um 100 manns sóttu þingið. Helsta niðurstaða þingsins var að hefðbundin klósett sem blanda vatni saman við úrgang torvelda hreinsun og endurnýtingu í strjálbýli. Óhefðbundnar salernislausnir, eins og þurrlósett, geta lækkað losun bæði niturs og fosfórs um 95%, sem er mun hærra hlutfall en fæst með hefðbundinni annars stigs skólphreinsun. Afurðina sem safnast, þeas. óblönduðu seyrana og hlandið, má nýta sem áburð utan viðkvæmra svæða.

Á haustmánuðum fundaði stjórn VAFRÍ með þátttakendum málþingsins, svo og fulltrúa umhverfisráðuneytisins, til þess að ræða næstu skref. Stjórn VAFRÍ ákvað í kjölfarið að senda skriflegt bréf til 23 hagsmunaaðila sem koma að uppbyggingu salernisaðstöðu á viðkvæmum strjálbýlum svæðum. Í bréfinu voru helstu niðurstöður málþingsins kynntar. Stjórn VAFRÍ hvatti til að fráveitumál í strjálbýli verði skoðuð á heildrænan hátt með sjálfbærni að leiðarljósi, og að óhefðbundnar salernislausnir verði prófaðar við íslenskar aðstæður. Afrit af bréfinu, og allt efni málþingsins, er aðgengilegt á vefsíðu félagsins (vafri.hi.is).

Málþing um öryggi neysluvatns í minni vatnsveitum

Nýlegar rannsóknir sýna að gæði drykkjarvatns í minni vatnsveitum er oft ábótavant á Íslandi og sérstaklega á ferðamannastöðum. Vatns- og fráveitufélag Íslands í samvinnu við Samorku heldur hálfsdags málþing föstudaginn 13. maí nk. í Húsi atvinnulífsins undir yfirskriftinni „Öryggi neysluvatns hjá minni vatnsveitum“. Þar verður fjallað um stöðu þessara mála og leiðir til úrbóta. Dagskrá málþingsins er á vefsíðu VAFRÍ.

Innlent samstarf

Félagið tók virkan þátt að auglýsa viðburði tengda vatns- og fráveitumálum á liðnu ári. Þar má nefna kynningu Guðjóns Atla Auðunssonar á viðtakarannsóknum fráveitu á vegum Orkuveitu Reykjavíkur sl. nóvember, og málþing á vegum Íslensku vatnafræðinefndarinnar í tilefni degi vatnsins 31. mars. Báðir viðburðirnir voru vel sóttir af félagsmönnum VAFRÍ.

Stjórn VAFRÍ var beðin um álit á atriðum varðandi þurrklósett í endurskoðun á reglugerð um fráveitur og skólp. Stjórnin lagði til í sínu áliti að þurrsalerni væru nefnd sem viðurkennd lausn í stað undanþágu.

Formaður VAFRÍ stofnaði samstarfshóp vísindamanna um rannsóknir á hönnunarskúrum á Íslandi með því markmiði að styrkja fræðilegan grunn fyrir fráveituhönnun. Verkefnið hefur ekki hlotið styrk enn sem komið er.

Stjórn VAFRÍ hefur rætt óformlega um hættur sem mikill áhugi á landnýtingu vatnsverndarsvæðum, þám. til útivistar og uppbyggingu á ferðaiðnaði, getur haft í för með sér. Hætta er á að grunnvatnsauðlindin, sem sést ekki með berum augum og er kannski ekki fullskilin við íslenskar aðstæður, fái ekki að njóta vafans í ákvörðunartöku í skipulagsmálum. Stjórnin telur mikilvægt að móta heildræna stefnu um vernd vatnsverndasvæða.

Norræn Vatnsveituráðstefna á Íslandi

Norræn Vatnsveituráðstefna er haldin á tveggja ára fresti og skiptast norðurlöndin á að halda hana. Í þetta sinn verður ráðstefnan í Hörpu dagana 28.-30. september 2016. Samorka sér um skipulagningu ráðstefnunnar í samstarfi við önnur norræn samtök vatnsveitna. Á dagskrá verða erindi, vinnustofur, vísindaferð og fleira tengt öllum helstu málum er varða starfsemi vatnsveitna. Það stefnir í áhugaverða, hagnýta og skemmtilega ráðstefnu. Félagsmönnum hefur verið bent á að grípa tækifærið og sækja hana. Nánari upplýsingar má finna á vefsíðum VAFRÍ og Samorku.

Innheimta félagsgjalda

Innheimta félagsgjalda hófst í lok apríl. Þann 5. maí 2016 höfðu 15 einstaklingar greitt félagsgjöld. Greiðsluseðlar hafa verið sendir 7 aðildar fyrirtækjum sem greiða aðild fyrir 60 félagsmenn. Haldið verður áfram að innheimta félagsgjöldin eftir aðalfund.

Reykjavík 6. maí 2016

Stjórn VAFRÍ

Hrund Ó. Andradóttir, formaður

Arndís Ósk Ólafsdóttir, ritari

Íris Þórarinsdóttir, gjaldkeri

Gunnar Steinn Jónsson, meðstjórnandi

María J. Gunnarsdóttir, meðstjórnandi